

Akureyri 8. janúar 2019

Fræðsluráð Akureyrarbæjar  
Ingibjörg Ólöf Isaksen, formaður

Undirritaðar fagna því að nokkur sveitarfélög hafa stigið heillavænleg skref í þá átt að bæta námsaðsstæður barna og starfsaðstæður starfsmanna í leikskólum. Í ljósi þess að Akureyrarbær leggur áherslu á að vera barnvænt og heilsueflandi samfélag telja leikskólastjórar Akureyrarbæjar mikilvægt að ákveðnir þættir varðandi starfsemi leikskóla bæjarins séu endurskoðaðir líkt og er að gerast í öðrum sveitarfélögum.

Að okkar mati er mikilvægt að meta stöðu barna út frá því hvernig uppeldisumhverfi þeirra stuðlar að vellíðan þeirra og þroska. Undirritaðar hafa áhyggjur af því hversu lítið leikrými hverju barni er ætlað í leikskólum bæjarins. Plássleysið hefur, að okkar mati, áhrif á þætti eins og geðtengsl, einbeitingu, kvíða, félagsþroska og málþroska barna.

Mikilvægt er að gera breytingar á skilgreiningu rýmis hið fyrsta og undirritaðar vísa til skýrslu Hafnarfjarðarbæjar “Bættar starfsaðstæður leikskóla Hafnarfjarðar – *lokaskýrsla starfshóps*” frá júlí 2018. Reglugerð á þessu sviði er mjög opin og er sveitarfélögum ásamt leikskólastjórum ætlað að taka afstöðu til þess hvað sé „nægilegt rými“ fyrir leikskólabörn. Í 6 gr. reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla segir: „*Til að ná markmiðum laga um leikskóla og aðalnámskrár skal þess gætt að nægilegt rými sé fyrir hvert barn á hverri deild þar sem meginhluti umönnunar, náms og uppeldis fer fram*“ (6. gr 2. mgr). „*Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólastarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu*“ (6. gr. 1. mgr).

Í dag er sá fjöldi fermetra sem skilgreindur er sem leikrými fyrir hvert barn í leikskólum Akureyrarbæjar of lítill að mati fagfólks. Þetta hefur áhrif á námsumhverfi barnanna, því hver deild hefur aðeins hluta af degi aðgang að sameiginlegum rýmum skólans s.s. sal og listasmiðjum. Við teljum eðlilegt að fermetrafjöldi hvernar deildar sé skilgreindur í samræmi við fjölda barna þannig að ætlaðir séu að minnsta kosti 3,5 fermetrar til leiks fyrir hvert barn óháð sameiginlegum rýmum.

Til að stuðla að velferð barna í leikskólum, bæta námsumhverfi þeirra og um leið starfsumhverfi kennara, leggjum við til þessa leið til að auka rými hvers barns í leikskóla. Hver leikskólastjóri útfærir þetta síðan nánar með tilliti til samsetningu og aldurs barnahópsins, húsnæði hvers skóla og stærð deilda sbr. áðurgreindri reglugerð.

Með þessu bréfi kalla leikskólastjórar eftir því að Fræðsluráð skoði með fullri alvöru stöðu leikskólans hvað varðar aukið leikrými á hvert barn. Mikilvægt er að þessir þættir verði settir í forgang við vinnu í skipulagi og framtíðarsýn, leikskólum Akureyrarbæjar til heilla. Við leggjum áherslu á að ákvörðun þarf að liggja fyrir hvernig er hægt að koma til móts við þessa tillögu áður en innritun hefst árið 2019. Undirritaðar óska eftir formlegu svari frá fræðsluráði og eru tilbúnar til samráðs og samvinnu.

Með vinsemd og virðingu,

Anna Lilja Sævarsdóttir Iðavelli  
Anna R. Árnadóttir Krógabóli  
Björg Sigurvinsdóttir Lundarseli  
Drífa Þórarinsdóttir Pálmholti  
Inda B. Gunnarsdóttir Kiðagili  
Jakobína E. Áskelsdóttir Tröllaborgum  
Jónína Hauksdóttir Naustatjörn  
Snjólaug Brjánsdóttir Hulduheimum

Ítarefni vegna ofangreindrar tillögu:

Bættar aðstæður í leikskólum Hafnarfjarðar – lokaskýrsla starfshóps, sjá [hér](#)

Könnun á álagi í leikskólum Akureyrarbæjar, sjá [hér](#)

Hljóðvist í leikskólum. Tilraunaverkefni um hljóðvist, sjá [hér](#)

Skýrsla OECD „Starting strong“, sjá [hér](#)

Bréf til skólanefnda frá FSL, dags. 4.okt 2017, sjá [hér](#)

Sæunn Kjartansdóttir: Farandverkafólk á leikskólum, sjá [hér](#)